



Innviðaráðuneyti
Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamál.

Kópavogi, 3. mars 2025.
Málsnr. 1910005/PBG/HH

Efni: Umsögn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um drög að frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum – mat á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélög.

Í tilefni umsagnarbeiðnar innviðaráðuneytisins sem birt var á samráðsgátt hinn 19. febrúar sl., mál S-23/2025 vilja Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) koma eftirfarandi á framfæri.

SSH hafa áður bent á mikilvægi þess að vandað kostnaðarmat á grundvelli 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 fari fram og fagna þar af leiðandi drögum að frumvarpi sem ætlað er að auka gæði endanlegs áhrifamats á sveitarfélög og leggja til leiðir til að skera úr um ágreining ríkis og sveitarfélaga vegna kostnaðarauka þeirra síðarnefndu.

Að því sögðu vilja samtökin þó gera eftirfarandi athugasemdir við framlögð drög:

Í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er lögð sú skylda á viðkomandi ráðuneyti að ef fyrirsjánlegt er að stjórnarfrumvarp, stjórnvaldsfyrirmæli eða aðrar stefnumarkandi ákvarðanir af hálfu ríkisins muni hafa fjárhagsleg áhif á sveitarfélög að framkvæma sérstakt mat á þeim áhrifum. Ekki verður skýrlega ráðið af framlögðum drögum hvaða afleiðingar það hafi sé ekki orðið við þeirri skyldu, þ.e. hvaða úrræði standi sveitarfélögum þá til boða til að knýja á um slíkt mat. Í 5. mgr. er fjallað um úrlausn ágreinings, en þá aðeins ágreining um niðurstöðu mats, en ekki ágreining um hvort framkvæma hafi átt slíkt mat yfirleitt. Að mati SSH er nauðsynlegt að fjalla um framangreint.

Í 6. mgr. 1. gr. frumvarpsins er fjallað um heimild til að óska endurmats á fjárhagslegum áhrifum. Kemur þar m.a. fram að viðkomandi „ráðuneyti eða sveitarfélög“ geti óskað slíkt endurmats. Verður orðalag ákvæðisins ekki skilið öðru vísi en svo að hvert og eitt sveitarfélag, sem hefur hagsmuna að gæta og verður fyrir fjárhagslegum áhrifum vegna setningar laga eða stjórnvaldsfyrirmæla geti óskað eftir slíku endurmati. Verður að mati SSH að telja það eðlilega tilhögun enda geta fjárhagsleg áhrif og þróun þeirra verið mismunandi eftir t.a.m. stærð og staðsetningu sveitarfélaga. Í athugasemdum með frumvarpsgreininni er hins vegar talað um „Samband íslenskra sveitarfélaga“ en ekki einstök sveitarfélög, og má því skilja þær sem svo að ætlunin hafi verið að leita þurfi atbeina sambandsins til að óska eftir endurmati. Að mati SSH þarf framangreint að vera skýrt, en umrætt frumvarpsákvæði sker sig úr öðrum að því leyti að annars staðar er talað um „Samband íslenskra sveitarfélaga“ en ekki sveitarfélög.



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Þá segir í 6. mgr. 1. gr. að slík ósk skuli koma fram að „liðnum fimm eða tíu árum“ frá lagasetningu, setningu stjórnvaldsfyrirmæla eða samþykkt annarra stefnumarkandi ákværðana. Að mati SSH er nauðsynlegt að skýra umrædda tímafresti með nákvæmari hætti. Þannig er t.a.m. með öllu óljóst hvenær umræddir „gluggar“ opnast og lokast, þ.e. hvaða svigrúm sé raunverulega til að óska endurmats, t.a.m. að fimm árum og tveimur mánuðum liðnum. Þá væri i öllu falli eðlilegra að miða upphaf tímafresta við gildistöku en ekki setningu. Að mati SSH væri svo eðlilegra að unnt væri að óska endurmats að tilteknum tíma, e.t.v. þremur árum, liðnum frá gildistöku en að sá „gluggi“ halldist þá opinn fram að tíu ára markinu að lágmarki. Virðist það enda skritin framkvæmd að hægt sé að óska endurmats að fimm árum liðnum, en ekki t.a.m. sex eða sjö. Allt að einu væri hægt að taka skýrt fram í lagatexta að ekki sé unnt að óska slíks endurmats oft.

Að öðru leyti fagna samtökin framlögðum frumvarpsdrögum og lýsa sig reiðubúin til frekara samtals og samráðs varðandi málið.

Virðingarfyllst,
f.h. SSH

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH